

Langa:	
8x7 r/1	78.25
10x5	85.00
Blokk reg.	75.00
Marningsblokk	20.00
Keila:	
8x7 r/1	78.25
Blokk reg.	65.00
Lýsa:	
Blokk reg.	85.00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	69.13
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	57.81
Heilfr. hausuð 1—2 kg	41.48
Heilfr. m/h U.S.S.R.	34.47
4x12 lagp.	89.00
4x10, 6x10 og 4x14	90.00
Blokk U.S.S.R.	78.25
Blokk U.S.A.	68.00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	34.47

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 18. október 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað
nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

1. málsg. 71. gr. orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérretta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar.

Allr gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Lögreglustjóri getur heimilað, að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. október 1979.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Borgarneshreppi.

1. gr.

Félagsmálanefnd Borgarness fer með stjórn heimilishjálpar í Borgarneshreppi í umboði hreppsnefndar.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan lækni, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum sem félagsmálanefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálanefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálanefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

5. gr.

Félagsmálanefnd ásamt hreppsnefnd ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpinar stundar hverju sinni á vegum hreppsins, sé hæft til starfsins og gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.